

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 30. mars 2021

**Efni: Umsögn um mál 495, frumvarp til laga, breyting á ýmsum lögum vegna stuðnings til smærri innlendra áfengisframleiðenda og heimildar til sölu áfengis á framleiðslustað**

### Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins, hefur unnið að forvarnarmálum í marga áratugi og lætur sig lýðheilsamál skipta miklu máli.



Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áfengi er vara sem veldur margvíslegu tjóni meðal einstaklinga, fjölskyldna og í öllu samfélaginu. Áfengi er stór áhættuþáttur fyrir krabbamein.

Í fjölda rannsókna hefur verið sýnt fram á tengsl milli áfengisneyslu og nokkurra tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Áfengisdrykkja getur valdið að minnsta kosti sjö mismunandi krabbameinum: Í munni, vélinda, koki, barka, lifur, ristli, endaþarmi og brjóstum. Vísbendingar eru einnig um að áfengi auki líkur á fleiri tegundum krabbameina.

Þar af leiðandi getur Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins ekki mælt með frumvarpi þessu, frumvarpi sem stuðlar að auknu aðgengi að áfengi. Frumvarpi sem er andstætt lýðheilsusjónarmiðum; frumvarp sem er neyslu- og söluhvetjandi. Frumvarp sem þetta orkar verulega tvímælis þegar talað eru um aukið markaðsfrelsi og tækifæri framleiðenda. Þetta frumvarpi gengur þvert á stefnu t.d. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Stofnunin hefur um áratugaskeið lagt til við aðildarþjóðir sínar að unnið verði markvisst að því að draga úr heildarneyslu áfengis, ekki síst með því að takmarka framboð á áfengi og með skýrum reglum um verðstýringu.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hvetja yfirvöld til að byrja á að móta sem allra fyrst heilstæða áfengisforvarnarstefnu, samhliða aðgerðaráætlun.

Virðingarfyllst,

Árni Einarsson  
formaður  
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir  
framkvæmdastjóri  
Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins